



TILRAUNALANDIÐ

Farandsýning
Vísindin lifna við

Tilraunalandið sýnir náttúruvísindin í nýju samhengi, á skemmtilegan og fjörugan hátt með áherslu á gagnvirkni og upplifun allra skilningarvita.

Markhópur

Flest tæki og tilraunir sýningarinnar höfða til allra aldurshópa en megin markhópurinn er 7-17 ára.

Markmið

Markmið sýningarinnar er að kynna og kanna undraheima vísindanna, veita innblástur og vekja forvitni. Sýningin skapar hvetjandi og örvandi andrúmsloft og gefur gestum nýja sýn á náttúruvísindi og tækni.

Lýsing:

Farandsýning Tilraunalandsins er í tveimur hjólhýsum sem hýsa tilraunirnar og leiktækini. Sýningin er sett upp utanhúss, en æskilegt er að hafa rými innandyrna til vara ef rignir þar sem mörg tækini þola ekki rigningu. Þrjár til fjórir leiðbeinendur fylgja sýningunni og sýna gestum hvernig tækini virka og hvaða náttúruöfl búa að baki.

Meðal tækja í farandsýningunni eru :

- Ganga á línu
- Kaplakubbar
- Sólarúrið
- Sólarrafhlaða með viftu og safablandara
- Strimlaspegillinn



Sýningin inniheldur 14 tilraunir, 33 leiktæki og áhöld og 12 þrautir. Auk þess fylgja henni tvö tjöld, borð og bekkir.

Sýningin er öllum opin og allir aldurshópar geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Upplýsingar

Tilraunalandið er samstarfsverkefni Norræna hússins og Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri *Tilraunalandsins* er Þuríður Helga Kristjánsdóttir, thuridur@nordice.is, 5517032 og veitir hún allar nánari upplýsingar.

Hér má sjá myndefni um hjólhýsin

http://www.norraenahusid.is/media/atburdir/TOMTIT_1.MOV

Verið velkomin í Tilraunaland Norræna hússins og Háskóla Íslands!



Sturlugötu 5 - 101 Reykjavík
Skiptiborð: 551 7030 -Bókasafn: 551 7090
www.norraenahusid.is - nh@nordice.is

